

Suðureyri 4. September 2023

Til: Umhverfis og framkvæmdarnefndar.

Efni: Vegna umferðaröryggis við Grunnskólann og leikskólann á Suðureyri.

Varðandi tillögu Hverfisráðs Suðureyrar að gera Túngötu að Vistgötu með einstefnugötu þannig að það myndist nokkurskonar hringakstur við skólann.

Okkur er í mun að gæta öryggi allra barna sem koma í skólana og teljum því Vistgötu góða hugmynd, ásamt því að gera hringakstur þannig að engin hættu sé á því að bakkað verði á nemendur eða starfsfólk.

Við teljum, eins og Hverfisráðið, að Túngatan eigi að vera Vistgata frá Túngötu 6 og ná að leikskólanum. Þannig náum við að tengja leikskólann og grunnskólann betur saman sem eina heild og mynda öruggt svæði á milli þessara skóla. Eins og gatan er núna þá er engin gangstétt við götuna og gangandi vegfarendur þurfa því að ganga á götunni. Með því að gera allan þennan bít að Vistgötu er hægt að gera svæðið fallett við tjörnina þar sem hún hefur mikið aðdráttarafl og iðulega stoppar fólk þar. Við enda götunnar eru komin útihreystitæki, sem bæði leikskólinn og grunnskólinn nýta sér á skólatíma.

Ef þessi bútur verður gerður að Vistgötu þarf jafnframt að bæta aðgengi og öryggi barna og foreldra að leikskólanum og setja gangstétt frá enda Vistgötunnar að leikskólahliðinu.

Einnig þarf að hafa í huga nemendur sem eru að koma frá Sætúni að skóla. Gera mætti gangstíg meðfram kirkjunni að Sætúni og hafa hann upplýstan.

Virðingarfyllt.

Vilborg Ása Bjarnadóttir Skólastjóri Grunnskólans Suðureyri

Svava Rán Valgeirsdóttir Leikskólastjóri Tjarnarbæ Suðureyri